



Til bæjarráðs

Kópavogi, 21. október 2024
24101180/002.10 ÁAK

Efni: Svar bæjarlögmanns við fyrirspurn bæjarfulltrúa frá 17. október 2024 vegna frestunar tveggja mála á dagskrá 167. fundar lista- og menningarráðs þann 2. október sl.

Þann 2. október sl. fór fram 167. fundur lista og menningarráðs. Á dagskrá fundarins voru fjögur mál og ber fundargerð með sér að tveim síðustu dagskrárliðum hafi verið frestað.

Í minnisblaði ritara fundarins til bæjarritara dags. 14. október sl. er atvikum líst. Svo virðist sem fundarmenn hafi áætlað sér of stuttan tíma til að ljúka umræðu um alla dagskrárliði og því hafi formaður borið upp þá tillögu að tveim síðustu dagskrárliðum yrði frestað.

Eftir fundinn hefur sú spurning vaknað hvort nefndarfulltrúum hafi verið heimilt að leggja fram bókun við dagskrárliði þrátt fyrir að umræðu hafi verið frestað.

Fyrir liggur að fulltrúinn hafði sent ritara nefndarinnar bókanir sínar en aðeins lesið þær upp fyrri aðra fundarmenn. Fundarritari hafði hins vegar fært allar bókanir inn í fundargerð án þess að gefa formanni nefndarinnar eða öðrum fulltrúum tækifæri til að gera athugasemd við orðalag þeirra og efni. Við yfirlestur fundargerðar áður en fundi var slitið kom upp ágreiningur um efni og orðalag bókana og óskuðu fundarmenn eftir tækifæri til að svara framlögðum bókunum.

Um fundarsköp og málsmeðferð í lista- og menningarráði fer skv. III. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 774/2013, sbr. breytingu nr. 827/2014 eftir því sem við á. Ráðið skal halda gerðarbók og kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðarbók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar.

Í Sveitarstjórnarrétti eftir Trausta Fannar Valsson (bls. 86) segir að þeir sem rétt hafa til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eigi skv. 2. mgr. 26. gr. sveitarstjórnarlaga rétt til þess að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru. Þessi réttur er sagður ríkur en sæti þó einnig takmörkunum s.s. um lengd bókana, hvenær



þær skuli lagðar fram og um tengsl þeirra við málefni sem til afgreiðslu er. Fundarstjóri geti með vísan til 2. mgr. 26. gr. hafnað því að færa til bókar langar greinargerðir sem og bókanir sem ekki lýsa afstöðu þeirra til málefnis sem eru til umræðu.

Í dómi Hæstiréttar nr. 205/1981 (1983: 1655 í dómasafni) er vísað til þess að hlutverk forseta bæjarstjórnar sé að sjá um að fundargerðir væru rétt færðar og að úrskurða um skilning á fundarsköpum. Honum bæri því að sjá um að ágreiningsálit þess fulltrúa, sem ekki væri samræma hinum, yrði ritað með fáum orðum í gerðarbók. Samkvæmt þessu væri það einnig skylda forsetans að synja um bókanir á óþarfa athugasemdum. Bæjarfulltrúar hefðu því ekki sjálfðæmi um það hvað þeir teldu ágreiningsálit, heldur úrskurðaði forsetinn þar um.

Þegar ákvörðun er tekin um að fresta umræðu um dagskrármál er rétt að í bókun komi fram af hvaða ástæðum umræðu er frestað til dæmi ef nauðsynlegt er að afla frekari upplýsinga eða ákvörðun er frestað til næsta fundar.

Í bæjarmálasamþykkt Kópavogs segir um rétt bæjarfulltrúa til bókunar í j. lið 16. gr. þar sem fjallað er um fundarsköp og ritun fundargerða: *Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.* Samkvæmt orðana hljóðan nær því réttur til bókana til þeirra mála sem til umræðu og má því segja að hafi dagskrárlið verið frestað án umræðu hafi nefndarfulltrúi ekki rétt til að leggja fram efnislega bókun. Annað kann að eiga við hafi máli verið frestað eftir efnislega umræðu. Í þeim tilvikum geta nefndarfulltrúar óskað eftir því að fá bókað afstöðu fulltrúa eða sérstök sjónarmið sem fulltrúinn vill að komi fram. Hins vegar er mikilvægt að fylgja fundarreglum og samþykktum sveitarfélagsins í slíkum bókunum.

Á fundi lista- og menningarráðs virðist sú staða hafa verið uppi að nefndarfulltrúi boðaði bókun við dagskrárliði 3 og 4. Viðkomandi sem lagði fram tvær bókanir við fundarlið 3 og eina við fundarlið 4 las þær upp en sendi ekki öðrum nefndarfulltrúum, aðeins til fundarritara sem móttók þær í tölvupósti um þær mundir sem slíta átti fundi og setti þær inn í fundargerð án samráðs við formann nefndarinnar. Það var ekki fyrr en við yfirlestur fundargerðar að formaður nefndarinnar og aðrir nefndarfulltrúar gerðu sér grein fyrir innihaldi bókananna og óskuðu eftir að svara bókuninni. Þar sem hluti nefndarfulltrúa varð að víkja af fundi og bókanir nefndarfulltrúa ekki nægilega vel kynntar öðrum fulltrúum ákvað formaður nefndarinnar að taka þær ekki til greina og fresta dagskrárliðunum. Fundi var slitið án athugasemda og rituðu allir fulltrúar athugasemdalaust undir fundargerðina.

Formaður nefnda hefur einn vald til þess að skera úr um ágreining um fundarsköp sbr. a. lið 16. gr. bæjarmálasamþykktar Kópavogs en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Formaður stýrir fundum, hann stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Formaður nefnda hefur vald til þess að ákveða að fresta umræðu einstaka dagskrárliða og hann hefur rétt til þess að synja um bókanir í vissum tilvikum sbr. Hrd. nr. 205/1981.



Mikilvægt er að áréttu það vinnulag sem viðhaft er í bæjarráði og bæjarstjórn Kópavogs að fulltrúar sem leggja fram bókun í fundargerð lesi þær upp og sendi jafnframt á alla fundarmenn tímanlega svo þeir hafi færi á kynna sér þær að svara ef ástæða er til. Jafnframt er eðlilegt að afgreiðsla dagskrárliðar og bókanir við hann séu kláraðar áður en næsta mál er tekið til umræðu. Þá er ástæða til að benda á að sé fundartími nefndar of knappur og ekki næst að tæma dagskrá er unnt að fresta fundi í heild sinni og ljúka dagskrá síðar sama dag eða næsta dag á eftir.

Virðingarfyllst,

Ása A Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður

